



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1638

Fimmtudagur 12. maí 2022 / kl. 16.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Sjötti stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Hugrún Elvarsdóttir.
Pátttakendur: Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Friðbjörn Benediktsson formaður snjóbrettaneftndar, Jón Egill Sveinsson varaformaður og Dagbjartur Halldórsson afreksstjóri.
- Fjarverandi:** Jón Viðar Þorvaldsson framkvæmdastjóri SKÍ.

Fundur settur kl. 16.33.

Fundardagskrá:

1. Val í landslið.
2. Önnur mál.

Fundargerð

1. Síðasta fundargerð.

- Samþykkt samhljóða og fundargerð gerð opinber á vef SKÍ: [Fundargerðir stjórnar | Skíðasamband Íslands \(ski.is\)](#).

2. Val í landslið.

- **Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar fer yfir:**
 - Landsliðið óbreytt frá því áður nema Ísak hættur.
 - Einar tekur fram að skerpa mætti betur á klausunni að skíðagöngunefndin áskilur sér rétt til breytinga vegna aðstæðna sem

upp geta komið. Þarf að vera kýrskýrt á hverju valið byggist og sterkur rökstuðningur.

- Engar athugasemdir bárust frá stjórn SKÍ og tillagan frá skíðagöngunefnd um val í landslið því sjálfkrafa samþykkt.
- **Friðbjörn Benediktsson, formaður snjóþrettanefndar fer yfir:**
 - Friðbjörn fer yfir frávík sem eiga sér stað miðað við valreglur snjóþrettanefndar en engar athugasemdir bárust frá stjórn SKÍ og tillagan frá snjóþrettanefnd um val í landslið því sjálfkrafa samþykkt.
- **Sigurður Nikulásson, formaður alpagreinaneftndar fer yfir:**
 - Sigurður Nikulásson fer fyrir tillögu alpagreinaneftndar og þau frávík sem eru frá valreglum.
 - Tillagan gerir ráð fyrir 11 landsliðsmeðlimum en ekki 10 eins og reglurnar segja til um þar sem einn iðkandi er á meiðslaskrá en gæti komið inn við áramót.
 - Viðkomandi fengi þá hlutfall af styrk miðað við það sem eftir er af tímabilinu.
 - Alpagreinaneftnd sækir um auka fjárveitingu upp á 900.000 kr.- vegna þessa.
 - Talsvert miklar breytingar á áherslum og kröfum til þeirra sem keppa fyrir Íslands hönd í alpagreinum.
 - Ítarlegar umræður áttu sér stað varðandi val í A og B-lið landsliðsins en tillagan að lokum samþykkt, sem og styrkveiting til iðkanda á meiðslaskrá ef viðkomandi kemur heill til baka.

3. Önnur mál.

- Bjarni Th. formaður SKÍ tekur fram að Einar Þór, fyrrum formaður SKÍ, hafði samband vegna þess að nú er komið að Íslandi að halda fund sem Norðurlandabjórdirnar hafa skipst á að halda, um 30 manna fundur. Stungið upp á því að halda þetta í október á Íslandi í haust.
- Jón Egill varaformaður vekur athygli á því að bikarstig félaganna séu ekki komin inn á síðuna.

Næsti fundur

- Bjarni Th. og Dagbjartur senda tillögu að dagsetningu fyrir næsta stjórnarfund á stjórnarmeðlimi.

Fundi slitið kl. 18.00.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð